

Reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu félagi í keppninni.

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði ef farið er um lengri leið en 100 km, séu innan við 500 km landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug.

3. gr. *Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir landshlutum, Suðurland, Austurland, Norðurland og Vesturland/Vestfirðir. Í annarri umferð koma inn 1. deildarlið. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri. Gjald fyrir fyrstu umferð skal vera 5.000 krónur, fyrir aðra umferð og þær umferðir er þarf að riðlakeppninni 10.000 krónur og fyrir riðlakeppnina og í úrslitaleik 20.000 krónur. Lið sem kemst áfram úr fyrstu umferð greiðir þó ekki fullar 10.000 krónur í annarri umferð heldur bætir við 5.000 krónum svo heildarfjárhæð verði 10.000 krónur. Sama á við um lið sem komast í riðlakeppnina (sjá 4. gr.), þau bæta við áður greitt gjald svo það endi í 20.000 króna þáttökugjaldi.*

4. gr. Þegar Úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal keppninni skipt í tvo riðla. Draga skal um í hvorum riðli liðin leika að því undanskyldu að Úrvalsdeildarliðum er raðað í riðla samkvæmt úrslitum deildarkeppninnar á síðasta keppnistímabili. Liðin í sætum 1,4,5,8,9 og 12 skulu leika í A-riðli og liðin í sætum 2,3,6,7,10 og 11 í B-riðli.

5. gr. Dregið skal í 8-liða úrslit (4-liða úrslit séu liðin fjögur eða færri) í hvorum riðli fyrir sig og áfram keppt samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi. Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

1. Íslandsmeistarar
2. Bikarmeistarar
3. Deildarmeistari úrvalsdeildar
4. Það lið sem varð í 2. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar
5. Það lið sem varð í 2. sæti í bikarkeppninni
6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar

Og svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu.

6. gr. Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Þau tvö lið sem eftir standa í hvorum riðli fyrir sig leika til undanúrslita. Draga skal um hvort liðið telst heimalið í hvorum undanúrslitaleik fyrir sig. Einnig skal dregið um hvort liðið telst heimalið í úrslitaleiknum.

7. gr. Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

8. gr. Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Leitast skal við að lið séu ekki í samskonar lituðum búningum.

9. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.